



2020

Jafnréttisúttekt á þremur íþróttafélögum í Reykjavík



Reykjavíkurborg

2020

Efnisyfirlit

Aðdragandi úttektarinnar	2
Árman	3
Fylkir	11
Valur	19
Lokaorð	27
Niðurstöður	28
Viðauki	30

Aðdragandi úttektarinnar

Á fundi ofbeldisvarnarnefndar 20. janúar 2020 var samþykkt tillaga þess efnis að gera jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum í Reykjavík. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu var falið að vinna úttektina og skoða hvort félögin væru með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og skiptingu fjármagns á milli kynjanna innan félaganna. Einnig skyldi skoðað hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanir félaganna væru og hvort þær séu kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum iðkenda undir 18 ára og þá hvernig. Jafnframt skyldi skoða þátttöku þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til. Undir það fellur að skoða þátttöku stúlkna og drengja, þátttöku hinsegin fólks, fólks af erlendum uppruna og fatlaðs fólks.

Félögin sem eru í úttektinni og samvinna við þau

Íþróttafélögin Ármann, Fylkir og Valur voru dregin út með slembiúrtaki. Í kjölfarið var úttektin unnin af tveimur starfsmönnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við fulltrúa íþrótt- og tólmstundasviðs Reykjavíkurborgar (ÍTR) og Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Í kjölfarið var fulltrúum félaganna sendur spurningalisti og fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu unnu úr svörum. Spurningalistann er að finna í viðauka. Í kjölfarið áttu fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fund með fulltrúum hvers félags fyrir sig þar sem farið var yfir stöðuna og skipst á upplýsingum.

Úttektin var unnin í nánú samstarfi við fulltrúa íþróttafélaganna þriggja og var m.a. haldinn fundur með þeim og fulltrúum ÍTR og ÍBR 4. mars 2020 þar sem farið var yfir skapalón sem úttektin var byggð á. Þegar úttektinni var lokið voru drög að niðurstöðum send félögunum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir eða benda á það sem betur mætti fara. Haldinn var fundur með félögunum dags. 23. september þar sem niðurstöður voru ræddar.

Þetta er leiðbeinandi úttekt og gafst félögunum tækifæri til að bregðast við ýmsum ábendingum á meðan á úttektinni stóð. Öll samvinna við félögin var með miklum ágætum.

Grundvöllur úttektarinnar

Í samningi sem er í gildi á milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) eru gerðar kröfur til íþróttafélaganna sem fela í sér að öll hafi jöfn tækifæri til að stunda íþróttir hjá félögunum óháð hvaða hópi þau tilheyra. Markmið borgarinnar með samningnum er að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mismuna ekki borgarbúum. Félagin fá frá borginni, í gegnum ÍBR, fjármuni til að sinna starfi sínu eftir ákveðnum reglum sem settar eru þar um. Grein samningsins sem mestu skiptir í þessu sambandi er eftirfarandi:

13. gr.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍBR, m.a. reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSÍ og mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íþróttafélögin skulu bjóða upp á fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.


Ármann

Ármann er hverfisíþróttafélag í Laugarneshverfi.

1. Kynjahlutföll og uppruni iðkenda

Hjá Ármanni eru tíu íþróttagreinar í boði; fimleikar, frjálssar íþróttir, júdó, körfuknattleikur, kraftlyftingar, lyftingar, rafíþróttir, sund, skíði og taekwondo. Langflestir iðkenda hjá Ármanni eru í fimleikum, 620 einstaklingar. Fimleikadeild Ármanns er mjög sterk og þar sem fimleikar eru ekki í boði í öllum íþróttafélögum í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum koma iðkendurnir víðs vegar að til að æfa hjá Ármanni. Næst á eftir fimleikum er körfuknattleiksdeildin fjölmennust með 268 iðkendum skráða árið 2019.

Hjá Ármanni eru 58% iðkenda kvenkyns og 42% karlkyns samkvæmt upplýsingum fyrir árið 2019. Mynd 1 sýnir hlutfallsskiptingu á milli greina eftir kyni og aldri í sjö fjölmennustu íþróttagreinum Ármanns árið 2019. Í neðanmálgrein má sjá fjölda í kraftlyftingum, lyftingum og rafíþróttum.¹




Mynd 1. Kynjahlutföll og hlutfallsleg aldursskipting iðkenda, 8 til 20 ára, í íþróttagreinum hjá Ármanni

Eins og myndin sýnir eru yngri stúlkur í yfirgnæfandi meirihluta í fimleikum og þegar horft er til stúlkna á aldrinum 8-20 ára eru stúlkur 75% af iðkendum í fimleikum. Drengir eru svo í meirihluta í frjálssum

¹ Einn drengur 8-14 ára í kraftlyftingum, 3 drengir 15-20 ára og 1 stúlka 15-20 ára í lyftingum árið 2019. Í heild eru 69 drengir og 2 stúlkur skráð í rafíþróttum.

íþróttum, júdó, körfubolta, sundi og taekwondo. Það er eingöngu í júdó sem drengir eru mun fleiri en stúlkur en jöfnust eru kynjahlutföllin í sunddeild félagsins.

Á mynd 2 má sjá hlutfall iðkenda af erlendum og íslenskum uppruna miðað við upplýsingar frá framkvæmdastjóra Ármanns dags. 14. apríl 2020.




Mynd 2. Hlutfall iðkenda af erlendum uppruna/íslenskum uppruna hjá Ármanni árið 2020

Einn þáttur úttektarinnar snýr að því að skoða þátttöku innflytjenda í starfi félaganna og verður fjallað nánar um það síðar í skýrslunni.

2. Starfsfólk og stjórnir, kynjahlutföll


a. Kynjahlutföll og uppruni starfsfólks, þjálfara og stjórnarmeðlima

Hjá Ármanni starfa fimm karlar og ein kona. Framkvæmdastjóri félagsins er karl og íþróttafulltrúi félagsins er einnig karl. Starfsfólk félagsins er, samkvæmt vefsíðu, allt af íslenskum uppruna. Mynd 3 sýnir kynjahlutfallið á meðal starfsfólks félagsins.



Mynd 3. Starfsfólk Ármanns, kynjahlutfall


Ráðningar þjálfara eru með ýmsum hætti, sumir eru ráðnir til félaga en aðrir eru verktakar. Þess vegna var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í þjálfarahópnum og það aðgreint frá starfsfólki félaganna. Sjá mynd 4.



Mynd 4. Þjálfarar hjá Ármanni 2020, kynjahlutfall


Hjá félaginu eru 60% þjálfara konur og 40% þeirra sem þjálfar eru karlar. Ólíkt Fylki og Val er eingöngu ein boltaíþrótt í boði hjá Ármanni og það virðist gera Ármann aðeins frábrugðið hinum félögum varðandi kynjasamsetningu þjálfara og iðkenda.

Það var einnig óskað eftir upplýsingum um hlutfall þjálfara af erlendum uppruna hjá Ármanni og eru þær upplýsingar settar fram á mynd 5.




Mynd 5. Hlutfall þjálfara af íslenskum/erlendum uppruna hjá Ármanni

Kynjahlutfall í aðalstjórn Ármanns er nokkuð jafnt. Í stjórninni sitja sex konur og fjórir karlar og formaður aðalstjórnar Ármanns er kona. Á mynd 6 sést kynjahlutfallið í aðalstjórn Ármanns.



Mynd 6. Aðalstjórn Ármanns 2020, kynjahlutfall


Mynd 7 sýnir kynjahlutföll í stjórnnum deilda innan Ármanns byggt á upplýsingum á vefsíðu félagsins dags. 26. mars 2020.



Mynd 7. Stjórnir deilda Ármanns, kynjahlutföll

Konur eru í meirihluta í stjórnnum fimleikadeildar, skíðadeildar, sunddeildar og taekwondo. Stjórnir júdódeildar, lyftingadeildar, körfuknattleiksdeildar og rafíþróttadeildar eru eingöngu skipaðar körlum. Kynjahlutfallið er jafnast í fimleikadeild, frjálsum íþróttum, kraftlyftingum og skíðadeild.

Einnig voru teknar saman upplýsingar um hlutfall fólks af erlendum uppruna í stjórnnum deilda Ármanns, mynd 8 sýnir hlutfallslega skiptingu á milli fulltrúa í stjórnnum sem eru annars vegar af erlendum uppruna og hins vegar af íslenskum uppruna.



Mynd 8. Hlutfall fólks af íslenskum/erlendum uppruna í stjórnnum deilda Ármanns.

Eins og sést á mynd 8 eru einstaklingar af erlendum uppruna í stjórnnum fjögurra af tíu deildum Ármanns en allir meðlimir aðalstjórnar félagsins eru af íslenskum uppruna. Samkvæmt framkvæmdastjóra Ármanns hefur verið reynt að fá einstaklinga af erlendum uppruna til að taka þátt í starfi félagsins, þeir hafa til dæmis verið hvattir til stjórnarsetu, en hefur það borið mismikinn árangur.

3. Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Ármanns er á vef félagsins og er frekar auðfinnanleg. Leiðin er svona: www.armeningar.is -> Ármann -> Jafnréttisreglur. Skapalón fyrir jafnréttisstefnur, sem má nálgast inni á vef Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur verið notað óbreytt, félagið virðist eingöngu hafa bætt nafni félagsins inn í skapalónið. Hugmyndin er að félögin geti nýti skapalónið en mikilvægt er lagi stefnurnar að sínu innra starfi.

Það er enginn gildistími á jafnréttisstefnu Ármanns en það þarf að endurskoða aðgerðaráætlanir og jafnréttisstefnur til þess að þær séu í takt við breytingar sem verða í umhverfinu. Stefnan virðist því ekki vera virk og hún er ekki kynnt fyrir félagsfólki.

4. Siðareglur

Siðareglur eru á vefsíðu Ármanns og eru þær nokkuð auðfinnanlegar. Leiðin er svona: www.armeningar.is → Ármann → Siðareglur Ármanns. Siðareglur Ármanns eru í formi fréttar á vefsíðunni, dagsett 1. mars 2015 og telja fimm greinar. Í siðareglunum kemur hvergi fram hver

viðurlögin séu, ef einhver eru, við broti á siðareglunum. Líkt og með jafnréttisstefnuna er eingöngu um að ræða útfyllt skapalón frá ÍBR og þær virðast ekki aðlagðar að félaginu.

Á vefsíðu Ármanns er hlekkur inn á vefsíðu ÍSÍ varðandi kynferðislegt ofbeldi og áreitni í íþróttum en í siðareglum Ármanns kemur eins og fyrr sagði ekki neitt fram um viðurlög eða verkferla, þ.e. hvernig bregðast skuli við vakni grunur um kynferðislegt ofbeldi.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki Ármanns er ekki starfandi sérstök siðanefnd þar heldur fara mál þar sem grunur er um brot á siðareglum eða ef grunur vaknar um ofbeldi inn á borð íþróttafulltrúa. Hann hefur samband við Íþróttabandalag Reykjavíkur til að fá leiðsögn og hann getur fengið leiðsögn hjá Æskulýðsvettvangi UMFÍ. Alvarlegri mál fara fyrir aðalstjórn Ármanns. Að sögn eru meðlimir aðalstjórnar ekki mjög tengdir inn í starfsemi félagsins og sitja t.d. fæst þeirra í stjórnnum deilda.

Inni á vef Íþrótt- og ólympíusambands Íslands er skapalón fyrir annars vegar siðareglur og hins vegar hegðunarviðmið. Hegðunarviðmiðunum er skipt niður eftir við hvaða hóp þau eiga, þannig er skapalón fyrir hegðunarviðmið iðkenda, þjálfara, foreldra og loks starfsfólks og stjórnarmeðlima. Það er tilefni til að nýta þennan efnivið í að útbúa álíka hegðunarviðmið hjá Ármanni.

5. Jafnrétti kynja

a. Iðkendur

Eins og fram hefur komið eru stúlkur í meirihluta á meðal iðkenda hjá Ármanni en fimleikadeildin er fjölmennust. Hjá Ármanni er körfuboltadeild en það er eina boltaíþróttin sem boðið er upp á hjá félaginu.


Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra fá drengja- og stúlkuflokkar sama fjölda æfingatíma hjá félaginu og æfa við jafngóðar aðstæður og á jafngóðum æfingatímum. Búningsklefar stúlkna og drengja eru jafnstórir og það er enginn munur á milli þeirra hvað varðar verðlaunagrip.

Fjárveitingar til íþróttagreina eru í samræmi við kynjaskiptingu innan félagsins samkvæmt svörum frá Ármanni og þau nota til jafns kven- og karlkyns fyrirmyndir til að hvetja fólk til þátttöku og dáða innan félagsins. Auglýsingar á leikjum og keppnum er á ábyrgð hvernar deildar fyrir sig. Stúlkur og drengir hafa jafngott aðgengi að styrktar- og sjúkrabjálfurum.

Hjá Ármanni er afrekssjóður og samkvæmt reglum sjóðsins geta einstaklingar sem iðka íþróttir innan deilda Ármanns sótt um styrk. Farið er eftir úthlutunarreglum þegar úthlutað er úr sjóðnum.

Farið var yfir úthlutanir úr Afrekssjóði Ármanns undanfarin ár með tillit til kyns þeirra sem fengu úthlutanir sem og upphæðir styrkjanna. Það vekur athygli að hjá Ármanni eru fleiri kvenkyns iðkendur en karlkyns miðað við upplýsingar úr skráningakerfi félagsins. Þrátt fyrir það eru karlkyns iðkendur í meirihluta þeirra sem hafa fengið úthlutaða styrki úr Afrekssjóði Ármanns seinustu þrjár úthlutanir.

Á mynd 9 má sjá hlutfall kvenna og hlutfall karla sem fengu úthlutanir úr Afrekssjóði Ármanns árin 2017, 2018 og 2019.



Mynd 9. Úthlutanir úr afrekssjóði Ármanns eftir ári og kyni styrkþega, hlutfallstölur.

Laun og kjör þjálfara og starfsfólks

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra félagsins njóta þjálfarar og starfsfólk sömu launakjara, hlunninda og tækifæra til endurmenntunar óháð eigin kyni sem og því hvort er verið að þjálfar stúlkur eða drengi.

Ráðningar

Það er kallað eftir sakarvottorði og meðmælum frá fyrri vinnuveitanda þegar fólk er ráðið til félagsins.

Innflytjendur

Samkvæmt upplýsingum af vef Hagstofu Íslands frá árinu 2019 eru innflytjendur 10% íbúa í Laugarneshverfi. Ármann er hverfisíþróttafélag og samkvæmt upplýsingum frá félaginu eru iðkendur af erlendum uppruna 3% af iðkendum félagsins eða nánar tiltekið 75 af 2.465 iðkendum í heildina. Það kom einnig fram á fundi með fulltrúum félagsins að félagið býður upp á íþróttagreinar sem ekki eru endilega í boði hjá öðrum félögum og því koma iðkendur þess einnig úr öðrum sveitarfélögum og hverfum Reykjavíkur.

Félagið gerir að sögn takmarkað í því að ná sérstaklega til innflytjenda. Að þeirra mati væri árangursríkasta leiðin að gera það í gegnum skólaumhverfið en það er takmörkunum háð vegna reglna um samskipti félaga og skóla. Skriflegt efni frá félaginu, upplýsingar um æfingar og keppnir og þess háttar er allt á íslensku. Félagið gefur að sögn nánast ekkert kynningarefni út en ef það er gert er það allt á íslensku.

Félagið hefur ekki hugað að því að dreifa kynningarefni á stöðum þar sem líklegt er að ná til innflytjenda en eins og hefur komið fram gefur félagið lítið sem ekkert kynningarefni út. Þegar börn hefja þátttöku í félaginu eru þau og foreldrar kynnt fyrir þjálfaranum sem hefur umsjón með hópnum hverju sinni. Það hefur verið boðið upp á júdóæfingar sem eru sérstaklega ætlaðar pólskum iðkendum hjá Ármanni og sýnd viðleitni til að fá innflytjendur til þátttöku í stjórnnum og foreldraráðum samkvæmt svörum félagsins. Eins og hefur komið fram eru einstaklingar af erlendum uppruna í stjórnnum fjögurra deilda félagsins auk þess sem þar starfa 9 þjálfarar af erlendum uppruna.

Á fundi með fulltrúum Ármanns var sýnilega til staðar áhugi á að gera betur til að ná til barna af erlendum uppruna. Það var rætt um að gæta þess að hafa upplýsingar um starfsemi félagsins einnig á ensku og pólsku en þá kom vissulega fram spurning um kostnað við það. Þarna er hins vegar tækifæri til úrbóta.

Hinsegin iðkendur

Í húsnæði félagsins eru tveir búningaklefar, einn merktur konum og annar merktur körlum auk þess sem það eru þrjú salerni fyrir utan klefana og þau eru merkt konum, körlum og fötluðum. Starfsfólk fær ekki hinsegin fræðslu, það er ekki neitt hinsegin á borð við regnbogafána sýnilegt í umhverfi félagsins og það er engin tenging milli félagsins og Samtakanna 78 eða Tjarnarinnar- hinsegin félagsmiðstöðvar. Þegar spurt var um hvort hinsegin iðkendur hefðu möguleika á stuðningi innan félagsins var því svarað til að þeir hefðu möguleika á stuðningi til jafns við aðra iðkendur.

Á fundi með fulltrúum félagsins kom í ljós áhugi á að fá hinsegin fræðslu. Fram kom að húsnæði félagsins er orðið frekar þröngt fyrir þann fjölda sem þar æfir og það eru eingöngu tveir búningaklefar með sturtum í húsnæðinu. Það er því engin ókyngreind búningaástaða í boði sem stendur en á fundum með fulltrúum félagsins kom fram mikil jákvæðni og áhugi á að gera betur varðandi hinsegin iðkendur þrátt fyrir að geta ekki boðið upp á ókyngreinda búningaástöðu í húsnæðinu. Auk þess kom fram að þeim finnst skorta leiðsögn frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands sem ætti að þeirra mati að vera leiðandi í að aðstoða félögin við að bregðast rétt við aðstæðum sem kunna að koma upp, til dæmis í tengslum við móttöku hinsegin iðkenda.

Fatlaðir iðkendur

Aðgengi fyrir fatlaða er að sögn mjög gott í húsnæði Ármanns en það hefur ekki reynt á að iðkandi þurfi að nota búningaástöðu og sé með aðstoðarmanneskju af öðru kyni. Nú er ekki búningaklefi með sturtuástöðu sem þau geta notað en það er salerni fyrir fatlaða sem að sögn væri hægt að gera breytingar á til að bregðast við téðum aðstæðum. Fatlaðir iðkendur, óháð eðli fötlunar, hafa tækifæri á að æfa með félaginu þrátt fyrir að þurfa stuðning og samkvæmt svörum félagsins hafa fatlaðir iðkendur verið sýnilegir í kynningarefni.

Efnahagur

Þegar kemur í ljós að fólk hafi ekki tök á að greiða æfingagjöld er hvert tilfelli fyrir sig skoðað og fólk leyft að sleppa því að greiða æfingafjöld auk þess sem félagið hefur átt í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við efnaminni iðkendur. Það er til staðar samvinna við þjónustumiðstöð og skóla í hverfinu en hún mæti að sögn vera meiri. Styrkir eða upplýsingar um þá er ekki að finna á vefsíðu Ármanns. Starfsfólki og þjálfurum deilda félagsins ber að kanna ástæður brottfalls hjá iðkendum og ef kemur í ljós að ástæðan sé að fólk geti ekki staðið undir kostnaði ber fulltrúum hvernar deildar að kynna fólk þær leiðir sem í boði eru.

Umhverfi og fræðsla

Það er engin fræðsluáætlun hjá félaginu en það er staðið fyrir einni fræðslu á önn fyrir iðkendur og forráðamenn en hver og ein deild býður svo upp á fræðslu fyrir iðkendur.

Á veggjum í húsnæði félagsins hanga myndir af íþróttamönnum og íþróttakönnum ársins sem hafa verið iðkendur hjá Ármanni sem og öðru afreksíþróttafólki félagsins.

Samantekt um félagið

Hjá Ármanni eru kvenkyns iðkendur í meirihluta sem og þjálfarar auk þess sem fleiri konur en karlar sitja í aðalstjórn félagsins og formaður stjórnarinnar er kona. Á meðal iðkenda er hlutfall iðkenda af erlendum uppruna um 3%. Hlutfall einstaklinga af erlendum uppruna í stjórnnum Ármanns er 9%. Framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi félagsins eru karlar. Hjá Ármanni starfa fimm karlar og ein kona.

Á vefsíðu Ármanns er jafnréttisstefna en talsvert vantar upp á að hún sé löguð að starfi félagsins auk þess sem hún telst í raun ekki virk miðað við þær upplýsingar sem fengust frá fulltrúum félagsins og ekki lögð áhersla á að kynna hana fyrir starfsfólki og iðkendum.

Á vefsíðu Ármanns eru siðareglur. Þær eru stuttar og hnitmiðaðar og virðist eingöngu hafa verið fyllt út í skapalón frá ÍBR en þær ekki lagaðar að félaginu. Það væri lag að Ármann byggi einnig til hegðunarviðmið sem væru sýnileg á vefsíðu félagsins líkt og siðareglurnar.

Kven- og karlkyns iðkendur félagsins njóta jafnræðis varðandi aðstöðu, æfingatíma, verðlaunagripi og allt sem spurt var um og sömu sögu er að segja um þjálfara og starfsfólk félagsins sem er vel.

Varðandi iðkendur af erlendum uppruna er tilefni til að rýna hvernig mætti betur ná til barna og ungmenna af erlendum uppruna og þörf er á að bæta upplýsingaflæði á öðrum tungumálum en íslensku. Það er vilji til að gera betur á þessu sviði hjá félaginu.

Það er ekki nein sérstök vinna í gangi hjá félaginu í tengslum við hinsegin iðkendur. Félagið getur ekki boðið upp á ókyngreindan búningsklefa þar sem húsnæðið býður ekki upp á það. Það kom fram vilji hjá félaginu til þess að fá hinsegin fræðslu og auka meðvitund um hinsegin iðkendur.

Fatlaðir iðkendur hafa tækifæri til að æfa með Ármanni en það hefur ekki reynt á hvernig það verður leyst komi fatlaður iðkandi með aðstoðarmanneskju með sér af öðru kyni og þarf að nota sturtuáðstöðu. Ekki er sturta á salerninu fyrir fatlað fólk.

Félagið kemur til móts við þarfir iðkenda sem lenda í að ekki sé hægt að greiða fyrir þá æfingagjöld. Það er til staðar visst verklag sem felur í sér að þjálfurum ber að kanna hvaða ástæður liggja að baki því þegar einhver hættir að æfa með félaginu. Sé ástæðan tengd fjárhag á að veita leiðsögn, hvort sem er það er að leita á náðir félagsins þar sem er hægt að fella niður æfingagjöld, hafa samband við Hjálparstarf kirkjunnar eða þjónustumiðstöð hverfisins.

Fylkir

Fylkir er hverfisíþróttafélag í Árbæ.


1. Kynjahlutföll iðkenda

Fylkir býður upp á sex greinar en þær eru fimleikar, knattspyrna, handbolti, karate, rafíþróttir og blak. Á mynd 10 sjást kynjahlutföll og aldursskipting iðkenda í Fylki. Í neðanmálsgrein má sjá fjölda iðkenda í blaki og rafíþróttum.²

Í heildina er kynjahlutfall iðkenda hjá Fylki þannig að stúlkur eru 44% iðkenda en drengir 56%. Það eru afgerandi flestir iðkendur í fimleikum og knattspyrnu hjá félaginu.

Knattspyrnudeild Fylkis er fjölmennasta deild félagsins með 463 iðkendur og eru drengir 66% iðkenda í knattspyrnudeild og stúlkur 34%. Næst á eftir knattspyrnudeild er fimleikadeildin fjölmennust og eru kynjahlutföllum þar alveg öfugt farið, stúlkur eru 64% iðkenda og drengir 36%.


² Í blakdeild Fylkis eru ein stúlka og tveir drengir, í rafíþróttum eru 48 drengir og 2 stúlkur.



Mynd 10. Kynjahlutföll og aldurskipting iðkenda, 8 til 20 ára, í íþróttagreinum hjá Fylki

Líkt og hjá Ármanni eru mun fleiri iðkendar í yngri flokkum félagsins en þeim eldri.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Fylkis dags. 19. maí 2020 eru iðkendar af erlendum uppruna um 50 talsins hjá félaginu og mynd 11 sýnir hlutfall iðkenda af erlendum uppruna annars vegar og íslenskum uppruna hins vegar.




Mynd 11. Hlutfall iðkenda af erlendum/íslenskum uppruna hjá Fylki 2020

Einn þáttur úttektarinnar snýr að því að skoða þátttöku innflytjenda í starfi félaganna og verður fjallað nánar um það síðar í skýrslunni.


2. Starfsfólk og stjórnir

Hjá Fylki starfa fjórar konur og fjórir karlar svo hlutföllin eru 50% konur og 50% karlar og eru þau öll, miðað við upplýsingar af vefsíðu félagsins, af íslenskum uppruna. Framkvæmdastjóri félagsins er karl og íþróttafulltrúi er einnig karl. Mynd 12 sýnir kynjahlutfall starfsfólks Fylkis.




Mynd 12. Starfsfólk Fylkis, kynjahlutfall

Ráðningar þjálfara eru með ýmsum hætti þar sem þeir eru í sumum tilvikum verktakar en í öðrum tilvikum ráðnir til félaganna, á mynd 13 má sjá kynjahlutföll þjálfara hjá Fylki.




Mynd 13. Þjálfarar hjá Fylki, kynjahlutfall

Á mynd 14 má sjá hlutfall þjálfara af erlendum og íslenskum uppruna hjá Fylki.



Mynd 13. Hlutfall þjálfara af erlendum/íslenskum uppruna hjá Fylki

Kynjahlutfall í aðalstjórn Fylkis er með jafnasta móti og nálægt því 60/40 hlutfalli sem oft er miðað við. Formaður aðalstjórnar Fylkis er karl.




Mynd 15. Aðalstjórn Fylkis, kynjahlutfall

Á mynd 16 má sjá kynjahlutföll í stjórnnum mismunandi deilda innan Fylkis miðað við upplýsingar af vefsíðu félagsins dags. 26. mars 2020.



Mynd 16. Stjórnir deilda Fylkis, kynjahlutföll

Myndin sýnir að karlar eru í meirihluta í stjórnum blak-, karate-, knattspyrnu- og rafíþróttadeildar en konur eru í meirihluta í stjórnnum fimleikadeildar og handknattleiksdeildar. Þessu tengt var athugað hvert hlutfall fólks af erlendum uppruna er í stjórnnum deilda innan Fylkis og er það sýnt á mynd 17.



Mynd 17. Hlutfall einstaklinga af erlendum uppruna/íslenskum uppruna í stjórnnum deilda Fylkis

Tveir einstaklingar af erlendum uppruna eru í stjórn sitt hvorrar deildarinnar innan Fylkis.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna er á vefsíðu Fylkis og er hún nokkuð auðfundin. Leiðin að henni er www.fylkir.is → félagið → stefnur → jafnréttisstefna. Uppsetning stefnunnar er í takt við skapalón sem er að finna á

vef Íþróttabandalags Reykjavíkur og verður að hrósa þeim sem unnu þessa jafnréttisstefnu sérstaklega fyrir tímasetta aðgerðaáætlun sem er í gildi frá 2020-2022 auk þess sem ábyrgð hverrar aðgerðar er skilgreind en það eykur líkurnar á því að henni sé fylgt eftir. Samkvæmt svari framkvæmdastjóra Fylkis er jafnréttisstefna félagsins send öllum forráðamönnum iðkenda á haustin og fer fram kynning á henni á sérstökum kynningarfundum fyrir þjálfara á haustin auk þess sem þjálfarar eiga að kynna stefnuna á kynningarfundum fyrir forráðamönnum. Þetta verklag er til fyrirmyndar.

Siðareglur

Siðareglur eru á vefsíðu Fylkis og nokkuð auðfinnanlegar. Leiðin að þeim er www.fylkir.is → félagið → stefnur → siðareglur. Siðareglur Fylkis eru ekki unnar eftir skapalóni ÍBR. Siðareglum Fylkis er skipt upp í nokkra hluta. Iðkendur, foreldrar, þjálfarar, starfsmenn, stjórnarmenn, sjálfbóðaliðar og stuðningsmenn. Siðareglur Fylkis eru nokkuð viðamiklar og virðist siðareglum og hegðunarviðmiðum vera blandað saman. Það myndi auka á skýrleika að fara yfir þetta með það að leiðarljósi að greina þarna á milli.

Á vef ÍSí eru siðareglur og hegðunarviðmið aðgreind og hefur fulltrúum Fylkis þegar verið bent á þær upplýsingar og þá annmarka sem tengjast því að blanda þessu saman. Hegðunarviðmiðunum ÍSí er skipt niður eftir því við hvaða hóp þau eiga. Þannig er skapalón fyrir hegðunarviðmið þjálfara, foreldra, iðkendur og starfsfólks og stjórnarmeðlimi. Auk þeirra er skapalón fyrir siðareglur. Það gæti styrkt siðareglur hjá Fylki að rýna hvað á heima í siðareglum og hvað á frekar heima hegðunarviðmiðum.

Það er óljóst hvort séu viðurlög við brotum á siðareglum þar sem eingöngu er tekið fram að ofbeldis- og eineltismál eigi að meðhöndla samkvæmt stefnu félagsins gegn ofbeldi og einelti. Þær upplýsingar er að finna í skjali sem kallast Velferðaráætlun 2020. Það gæti verið sterkt að vísa í þetta skjal með beinni hætti inni í siðareglunum þar sem heitið Velferðaráætlun gefur ekki endilega til kynna um að þar sé að finna stefnu gegn ofbeldi og einelti. Jafnvel mætti breyta heiti áætlunarinnar í eitthvað meira afgerandi. Viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis og áreitni til dæmis.

Jafnrétti kynja

a. Iðkendur

Stúlku- og drengjaflokkar æfa á jafngóðum tímum og við jafngóðar aðstæður auk þess að vera úthlutað jafnmörgum og jafngóðum æfingátímum. Búningsklefar stúlkna og drengja eru nánast jafnstórir en sá fyrir drengina er þó ívið stærri. Jafnræðis er gætt í hvívetna varðandi verðlaunagripi og að sögn er kostunar- og samstarfsaðilum gerð grein fyrir jafnréttisstefnu félagsins þegar verið er að semja um samstarf.

Iðkendur, óháð kyni, hafa jafngott aðgengi að sjúkra- og styrktarþjálfurum. Það eru til jafns notaðar kven- og karlkyns fyrirmyndir til að hvetja fólk til þátttöku og dádá innan Fylkis. Leikir drengja- og stúlknaflokka eru jafnmikið auglýstir og það eru haldin styrktarkvöld til jafns fyrir kvenna- og karlalið og ágóðinn af þeim rennur óskiptur til þess liðs sem heldur styrktarkvöldið hverju sinni.

b. Laun og kjör þjálfara

Þjálfarar fá sömu laun óháð kyni þeirra og hópsins sem þeir þjálfar og njóta sömu tækifæra til endurmenntunar og hlunninda óháð eigin kyni og kyni þeirra sem þeir þjálfar.

Ráðningar

Það hefur að sögn ekki alltaf verið kallað eftir meðmælum frá fyrri vinnuveitendum og sakarvottorði þegar fólk er ráðið til félagsins. Það stendur til bóta og er búið að einfalda ferlið í kringum það samkvæmt framkvæmdastjóra félagsins. Samkvæmt ípróttalögum *nr. 64/1998* mega einstaklingar sem hafa gerst brotlegir við XXII. kafla hegningarlaga *nr. 19/1940* ekki starfa með ungmennum 18 ára og yngri. Því ber ípróttafélögum skylda til að kalla eftir sakarvottorði fólks áður en það er ráðið til starfa og er vert að nefna að þessi lög ná einnig yfir sjálfboðaliða í starfi með börnum.

Innflytjendur

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2019 var hlutfall innflytjenda í Árbæ 21,6% en iðkendur hjá Fylki af erlendum uppruna eru um 4%.

Starfsemi félagsins er aðallega kynnt á vefsíðu Fylkis og á Facebooksíðu félagsins auk þess sem félagið á í góðu samstarfi við skóla í hverfinu og miðlar upplýsingum til foreldra og nemenda með aðstoð hans. Það kom hins vegar fram á fundi með framkvæmdastjóra félagsins að hann myndi vilja hafa greiðara aðgengi að skólum, til dæmis Árbæjarskóla þar sem eru mörg börn af erlendum uppruna, og telur sóknarfæri falin í að kynna starfsemi Fylkis meira á vettvangi skólans.

Það þarf að bæta upplýsingagjöf á öðrum tungumálum en íslensku á vefsíðu félagsins. Hins vegar hefur félagið gefið út bækling á öðrum tungumálum í tengslum við ákveðið verkefni til að fjölga iðkendum af erlendum uppruna hjá félaginu bæði í febrúar og mars árið 2020. Bæklingurinn var á ensku, pólsku og tælensku en þar fyrir utan eru allar upplýsingar um starf félagsins á íslensku. Þetta verkefni er gott framtak. Það væri kostur að hafa grunnupplýsingar almennt á fleiri tungumálum en íslensku. Að sögn er myndmálið og fjölbreytileiki í kynningarefni félagsins nokkuð gott en alltaf rými fyrir umbætur.

Að sögn er kynningarefni dreift á stöðum þar sem líklegt er að ná til innflytjenda. Félagið á í samstarfi við þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts vegna barna af erlendum uppruna sem vilja koma og æfa hjá Fylki. Á fundi með framkvæmdastjóra félagsins kom hins vegar fram að hann myndi vilja auka hlut félagsins í þessu verkefni/verklagi. Það er meðvitund um það innan félagsins að þau geti haft áhrif á virkni innflytjenda í samfélaginu og segja að forvarnargildi ípróttar og tómsunda sé kynnt fyrir innflytjendum en það mætti bæta þar um betur og kynna það t.d. á fleiri tungumálum. Það eru ekki til upplýsingar um hlutfall innflytjenda á meðal sjálfboðaliða og í foreldrafélögum en að sögn fulltrúa félagsins eru foreldrar innan þess almennt virkir og það eigi væntanlega einnig við um foreldra barna af erlendum uppruna.

Á fundi með framkvæmdastjóra Fylkis kom skýrt fram áhugi og vilji til að gera betur í því að ná til barna af erlendum uppruna.

Hinsegin

Það eru ekki sérstakir búningsklefar fyrir trans fólk en það er búningsklefi sem hægt er að bjóða fólki að nota sé þess óskað og starfsfólk er meðvitað um það. Á fundi með framkvæmdastjóra félagsins var rætt um að sérmerkja téðan búningsklefa svo hann sé sýnilegur og trans iðkendur þurfi því ekki alltaf

að leita til starfsfólks þegar þeir þurfa að nota hann. Félagið hefur á stundum haft regnbogafána uppi við og stendur til að hafa hann alltaf sýnilegan. Á vefsíðu félagsins er bæklingur um trans börn sem gefinn var út af ÍSÍ í samstarfi við fleiri aðila á seinasta ári og er mjög jákvætt að hann sé sýnilegur. Starfsfólk fær ekki markvissa fræðslu um hinsegin málefni en það er mikilvægt svo það sé betur í stakk búið að taka á móti og mæta þörfum hinsegin iðkenda.

Það er vilji innan félagsins til að gera betur á þessu sviði.

Fatlað fólk

Fylkir er til húsa bæði við Fylkisveg 6 og í Norðlingaholti. Samkvæmt svörum félagsins er í báðum húsum gott aðgengi fyrir fatlaða með salerni fyrir fatlaða og búningsklefa. Hins vegar, hjá félaginu við Fylkisveg 6, hefur félagið ekki útvegað fötluðum iðkendum aðstoðarfólk en það er í skoðun. Í húsnæði þeirra í Norðlingaholti hefur hins vegar verið í boði stuðningur fyrir fötluð börn.

Samkvæmt framkvæmdastjóra hefur verið í umræðu að bæta alla umgjörð fyrir fatlaða iðkendur en það hefur verið komið til móts við það þegar fatlaðir iðkendur vilja koma og taka þátt í starfsemi félagsins. Fylkir útvegar aðstoðarmannskju eftir þörfum en hjá Fylki er ekki starfrækt deild sérstaklega fyrir fatlaða iðkendur eins og hjá mörgum stærri félögum. Það er hins vegar boðið upp á ýmsa íþróttaiðkun fyrir börn með þroskahömlun auk þess sem einstaklingar með hreyfihömlun hafa æft hjá félaginu og hafa verið gerð einstaklingsbundin æfingaplön fyrir þá. Félagið hefur ekki búið til kynningarefni sem vekur athygli á möguleikum fatlaðra einstaklinga til að æfa og engir fatlaðir einstaklingar eru sýnilegir í kynningarefni félagsins.

Efnahagur

Á vefsíðu félagsins eru upplýsingar um styrktarsjóð. Auk þess á félagið í samvinnu við þjónustumiðstöðina og skóla í hverfinu vegna efnaminni iðkenda. Það mætti hins vegar setja upplýsingar um þessa styrktarsjóði og möguleika á stuðningi á fleiri tungumál þar sem þetta er einvörðungu á íslensku og ekki tryggt að fólk sem ekki talar íslensku finni þessar upplýsingar.

Umhverfi og fræðsla

Það er ekki í gildi sérstök fræðsluáætlun hjá félaginu en samkvæmt framkvæmdastjóra þess eru haldnir fræðslufundir sem hver og ein deild skipuleggur í samstarfi við hlutaðeigandi sérsamband. Þessir fræðslufundir eru fyrir þjálfara félagsins.

Myndir á veggjum félagsins sýna bæði stúlkur og drengi og konur og karla en það mætti að sögn gera betur varðandi fjölbreytileika í tengslum við uppruna og fötlun.

Samantekt um félagið

Hjá Fylki eru karlkyns iðkendur í meirihluta sem og þjálfarar auk þess sem fleiri karlar en konur sitja í aðalstjórn félagsins og formaður stjórnarinnar er karl. Hlutfall iðkenda af erlendum uppruna er um 4% og hlutfall einstaklinga af erlendum uppruna í stjórnnum félagsins er 5%. Hjá Fylki starfa fjórar konur og fjórir karlar sem öll eru af íslenskum uppruna.

Á vefsíðu Fylkis er jafnréttisstefna og henni fylgir aðgerðaáætlun þar sem tilgreindur er gildistími, tímamörk og ábyrgð. Jafnréttisstefna Fylkis er kynnt fyrir félagsfólki á haustin.

Á vefsíðu Fylkis eru siðareglur. Þær eru mjög viðamiklar og mjög margt talið upp í þeim. Það þyrfti að rýna þær með það í huga að skipta þeim upp í hegðunarviðmið og siðareglur sem væri bæði rökréttara og skýrara.

Kven- og karlkyns iðkendur félagsins njóta jafnræðis varðandi aðstöðu, æfingatíma, verðlaunagripi og allt sem spurt var um og sömu sögu er að segja um þjálfara og starfsfólk félagsins sem er vel. Hins vegar hefur samkvæmt upplýsingum frá félaginu vantað upp á að kallað sé eftir sakarvottorði og meðmælum fyrri vinnuveitenda við ráðningar. Það á hins vegar að vera komið í ferli og er það afar mikilvægt að svo sé.

Bæta þarf upplýsingaflæði um félagið á öðrum tungumálum en íslensku og finna leiðir til að ná til innflytjenda. Það var hins vegar vilji til þess hjá fulltrúum félagsins sem er afar jákvætt.

Fylkir er með ókyngreindan einstaklingsbúningsklefa sem er nú merktur kennurum/dómurum en hefur verið notaður af hinsegin einstaklingum eftir þörfum. Rætt var um að merkja hann svo einstaklingar þyrftu ekki að leita til starfsfólks til að geta nýtt sér klefann. Það er áhugi fyrir hinsegin fræðslu hjá félaginu og að auka meðvitund um hinsegin iðkendur til að geta tekið almennilega á móti þeim hópi.

Fatlaðir iðkendur hafa tækifæri á að æfa með Fylki en að sögn vantar upp á sýnileika fatlaðra iðkenda í upplýsingaefni félagsins.

Félagið kemur til móts við þarfir iðkenda sem lenda í að ekki sé hægt að greiða fyrir þá æfingagjöld. Það eru upplýsingar um styrki á vefsíðu Fylkis en þær eru eingöngu á íslensku sem þarf að bæta og auk þess er til staðar, upp að einhverju marki, samstarf við þjónustumiðstöð og skóla í hverfinu þessu tengt.


Valur

Valur er hverfisíþróttafélag í Hlíðunum.

1. Kynjahlutföll iðkenda

Hjá Val er boðið upp á að æfa handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik. Miðað tölur fyrir árið 2019 voru 1.179 iðkendur hjá Val á aldrinum 8-20 ára, 38% stúlkur og 62% drengir. Flestir eru í knattspyrnu eða 598 en þar á eftir kemur handknattleiksdeildin með 318 iðkendur og loks körfuknattleiksdeild með 263 iðkendur, sjá mynd 18.

Hlutfall iðkenda eftir kyni,aldri og greinum í Val



Mynd 18. Kynjahlutföll og aldursskipting iðkenda, 8 til 20 ára, í íþróttgreinum hjá Val.

Eins og sést á mynd 18 eru drengir í meirihluta í öllum greinum og öllum aldursflokkum í Val. Kynjamunurinn er þó minnstur á meðal iðkenda 15-20 ára í knattspyrnu.

Á mynd 19 sést að iðkendur af erlendum uppruna eru 4% iðkenda hjá Val samkvæmt upplýsingum sem fengust frá félaginu dags. 26. maí 2020 .




Mynd 19. Hlutfall iðkenda af erlendum uppruna/íslenskum uppruna hjá Val árið 2020

Einn þáttur úttektarinnar snýr að því að skoða þátttöku innflytjenda í starfi félaganna og verður fjallað nánar um það síðar í skýrslunni.


2. Starfsfólk og stjórnir

Hjá Val starfa 12 einstaklingar, þrjár konur og níu karlar, konur eru því 25% starfsfólks og karlar 75%, sjá mynd 20. Framkvæmdastjóri félagsins er karl og íþróttafulltrúi er líka karl. Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna hjá Val er 8%.




Mynd 20. Starfsfólk Vals, kynjahlutfall.

Ráðningar þjálfara eru með ýmsum hætti þar sem þeir eru í sumum tilvikum verktakar en í öðrum tilvikum ráðnir til félaganna. Á mynd 21 sjást kynjahlutföll í þjálfarahópnum hjá Val.




Mynd 21. Þjálfarar hjá Val 2020, kynjahlutfall

Á mynd 22 sjást svo hlutföll þjálfara af erlendum og íslenskum uppruna hjá Val.




Mynd 22. Þjálfarar eftir erlendum/íslenskum uppruna hjá Val

Kynjahlutfall í aðalstjórn Vals er frekar ójafnt eins og sést á mynd 23, með 82% karla og konur 18%. Formaður aðalstjórnar Vals er karl.




Mynd 23. Aðalstjórn Vals, kynjahlutfall

Mynd 24 sýnir kynjahlutföll í stjórnnum deilda hjá Val miðað við upplýsingar af vefsíðu félagsins dags. 26. mars 2020. Þau eru í miklu samræmi við kynjahlutfallið í aðalstjórn Vals.



Mynd 24. Stjórnir deilda hjá Val 2020, kynjahlutföll

Í einni af þremur deildum félagsins er einn einstaklingur af erlendum uppruna í stjórn en það er í knattspyrnudeildinni eins og sést á mynd 25.



Mynd 25. Fólk af erlendum/íslenskum uppruna í aðalstjórn Vals og stjórnnum deilda 2020

Það er einn einstaklingur af erlendum uppruna í stjórn knattspyrnudeildar Vals en annars eru allir stjórnarmeðlimir af íslenskum uppruna. Þessar upplýsingar fengust staðfestar frá framkvæmdastjóra Vals.

Jafnréttisstefna

Það er jafnréttisstefna inni á vefsíðu Vals og er leiðin að henni svona: www.valur.is → stefna → jafnréttisstefna. Stefnan mætti vera aðgengilegri á vefsíðu félagsins. Jafnréttisstefna Vals skiptist í rauninni í tvennt, annars vegar er fjallað um jafnrétti á meðal iðkenda og svo meðal þjálfara og starfsfólks. Hins vegar er þetta eingöngu upptalning á ýmsum atriðum sem „Knattspyrnufélagið Valur

leggur metnað í“ og sem „Knattspyrnufélagið Valur leggur áherslu á“. Jafnréttisstefnan er ekki unnin eftir skapalóni ÍBR. Jafnréttisstefnunni fylgir aðgerðaráætlun sem er nýleg og var hún send starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem vann þessa úttekt. Hún er hins vegar ekki komin á vefsíðu félagsins þegar þetta er skrifað og þ.a.l. eru engar aðgerðir í tengslum við jafnréttisáætlunina sýnilegar þar.

Á fundi með framkvæmdastjóra, íþróttafulltrúa og starfsmanni var rætt um að láta jafnréttisstefnu og aðgerðaáætlun vera eins konar fylgiskjal með ráðningarsamningum líkt og siðareglurnar en þær eru viðauki í öllum ráðningarsamningum. Það var vel tekið í þá tillögu.

Siðareglur

Það eru siðareglur á vefsíðu Vals og er leiðin að þeim svona: www.valur.is → stefna → siðareglur. Siðareglurnar eru í sömu uppsetningu og jafnréttisstefnan, þ.e. bara lendingarsíða inni á vefsíðu félagsins en ekki unnar eftir skapalóni ÍBR. Í siðareglum Vals er ekki talað um jöfn tækifæri félagsmanna né mismunun. Í upptalningu í siðareglunum vantar eina breytu, þ.e. í umfjöllun um að ekki skuli koma með niðrandi athugasemdir í garð iðkenda vantar inn breytuna vegna uppruna. Siðareglurnar eru í viðauka í öllum ráðningarsamningum félagsins svo fólk þarf alltaf að skrifa undir að það muni fylgja siðareglum þegar ráðningarsamningar eru undirritaðir. Það var rætt á fundi með framkvæmdastjóra, íþróttafulltrúa og starfsmanni félagsins að kynna siðareglurnar á fundum fyrir foreldrum iðkenda t.d á kynningarfundum. Það er þörf á að siðareglur séu öllum ljósar og ekki síst svo fólk viti hvert það á að leita ef einhver mál koma upp.

Á sömu síðu er tilgreind ábyrgð siðanefndar sem er starfandi hjá Val og tilgreint það fólk sem í henni situr, sem er kostur. Siðanefnd Vals er með eigið netfang sem er gott þar sem það auðveldar fólki að koma ábendingum á framfæri.

Á vef ÍSí eru skapalón fyrir hegðunarviðmið og siðareglur. Hegðunarviðmiðum er skipt niður eftir því við hvaða hóp þau eiga. Þannig er skapalón fyrir hegðunarviðmið þjálfara, foreldra, iðkenda, starfsfólks og stjórnarmeðlima. Auk þeirra er skapalón fyrir siðareglur. Hjá Val eru siðareglurnar til staðar en það vantar hegðunarviðmið sem væri styrkur í að hafa líka.

a. Jafnrétti kynja á meðal iðkenda

Stúlkna- og drengjaflokkar Vals fá jafnmarga æfingatíma úthlutaða og æfa á jafngóðum tíma dags og á jafngóðum völlum. Búningsklefar stúlkna og drengja eru jafnstórir. Að sögn er jafnræðis gætt í verðlaunagripum stúlkna- og drengja auk þess sem kostunar- og samstarfsaðilum er gerð grein fyrir jafnréttisstefnu félagsins.

Iðkendur njóta sama aðgengis að sjúkra- og styrktarþjálfurum óháð kyni og fyrirmyndir eru til jafns kven- og karlkyns. Hver deild er rekin samkvæmt áætlun og aflar eigin tekna og því erfitt að tala um hvort fjárveitingar til deilda félagsins gæti jafnræðis meðal kven- og karlkyns iðkenda þeirra. Það var hins vegar tekið fram að ef bjóðast tekjumöguleikar fyrir deildirnar þá sé samræmis gætt á milli deilda og kyns iðkendahópa.

Leikir kvenna- og karlaliða eru auglýstir jafnmikið auk þess sem haldin eru kvenna- og karlakvöld Vals á vegum deildanna. Hver deild ber ábyrgð á að gróða þessara styrktarkvöldu sé skipt jafnt á milli kvenna- og karlaflokka. Það hefur þó ekki komið fram hvort eftirlit sé haft með því að gróða styrktarkvöldu sé skipt á réttlátan hátt eftir kvenna- og karlaflokkum.

b. Jafnrétti starfsfólks og þjálfara

Þjálfarar félagsins fá sömu laun óháð kyni og kyni þeirra sem þau þjálfar og starfsfólk fær sömu laun óháð kyni fyrir sömu eða sambærileg störf. Það eru engin hlunnindi í boði fyrir þjálfarana en þau njóta öll sömu tækifæra til endurmenntunar óháð eigin kyni og kyni liðsins sem þau þjálfar.

Ráðningar

Það er kallað eftir sakarvottorði og meðmælum frá fyrri vinnuveitendum þegar fólk er ráðið til starfa hjá félaginu.

Innflytjendur

Miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2019 eru innflytjendur 19,1% af íbúum í Hlíðahverfinu í Reykjavík en 4% iðkenda Vals eru af erlendum uppruna.

Félagið notast við sínar eigin leiðir og miðla til að kynna starfsemi sína og það er reynt eftir fremsta megni að hafa textann á fleiri tungumálum en íslensku. Þegar spurt var út í þetta á fundi með fulltrúum félagsins kom fram að þegar sendir eru út tölvupóstar varðandi keppnir, mót og annað er textinn á íslensku og ensku. Þess er sérstaklega gætt ef íþróttafulltrúinn, sem sér um þetta, veit að í hópnum sem um ræðir er iðkandi af erlendum uppruna. Varðandi upplýsingar um æfingatíma, mót, keppnir og þess háttar er textinn aðallega á íslensku en stundum á ensku. Gott væri að festa það í sessi að hafa megin upplýsingar einnig á ensku.

Félagið hefur ekki verið að dreifa kynningarefni neitt sérstaklega en að sögn er passað upp á fjölbreytileika í kynningarefninu og það er tekið sérstaklega á mótí forsjáaraðilum/foreldrum og iðkendum af erlendum uppruna auk þess sem skilningur er á því innan félagsins að þátttaka innflytjenda í tómskundastarfi og íþróttum geti hjálpað þeim og foreldrum/aðstandendum til að vera virkjust í samfélaginu. Hins vegar hefur forvarnargildi íþróttar og annarra tómsunda ekki verið kynnt sérstaklega fyrir innflytjendum og ekki hafa verið teknar saman upplýsingar um hlutfall fólks af erlendum uppruna á meðal sjálfboðaliða og þátttakenda í foreldrafélögum innan Vals.

Hinsegin iðkendur

Að sögn hefur verið brugðist við þörf trans fólks varðandi búningsklefa/salernisaðstöðu eftir atvikum og á fundi með framkvæmdastjóra, íþróttafulltrúa og starfsmanni var rætt um möguleikann á að sérmerkja tvo einstaklingsklefa sem eru í húsnæðinu. Starfsfólk félagsins fær ekki hinsegin fræðslu og það er ekki neitt hinseginvænt sýnilegt í umhverfi félagsins. Félagið hefur enga formlega tengingu við Samtökin 78 eða Tjörnina- hinsegin félagsmiðstöð. Það var hins vegar mikil jákvæðni í garð þess hjá fulltrúum félagsins að fá hinsegin fræðslu.

Fatlað fólk

Aðgengi fyrir fatlaða er gott og að sögn er útvegaður viðeigandi klefi ef fatlaður iðkandi er með aðstoðarmannskju með sér. Fatlaðir iðkendur hafa kost á að æfa með Val komi stuðningsaðili með þeim. Fatlaðir iðkendur eru ekki sýnilegir í kynningarefni félagsins samkvæmt framkvæmdastjóra.

Efnahagur

Hjá Val er sjóður sem kallast Friðrikssjóður og í hann getur fólk sótt um fjárhagslegan stuðning geti það ekki staðið undir kostnaði við æfingagjöld, þátttökugjald í mótum o.s.frv. Það er samvinna við þjónustumiðstöð og/eða skóla í hverfinu vegna efnaminni iðkenda og að mati framkvæmdastjóra eru styrkjaleiðir sýnilegar og aðgengilegar innflytjendum.

Vefsíða Vals er eingöngu á íslensku og til þess að finna upplýsingar um Friðrikssjóð er leiðin: www.valur.is → Um Val → Friðrikssjóður. Allar upplýsingar sem þar eru t.d. eyðublöð, úthlutunarreglur o.s.frv. eru á íslensku. Því eru upplýsingarnar ekki aðgengilegar þeim sem ekki tala íslensku. Það kom fram á fundi með fulltrúum félagsins að oft fái þeir ábendingar frá íslenskum foreldrum þar sem er látið vita að foreldrar iðkenda af erlendum uppruna hafi ekki tök á að greiða fyrir þátttökugjald á mótum. Að sögn bregst félagið við með þeim hætti að láta fólk vita af Friðrikssjóði til að koma til móts við þarfir þeirra og gera iðkendum kleift að taka þátt þegar svo stendur á.

Umhverfi og fræðsla

Samkvæmt framkvæmdastjóra hanga myndir af gömlum formönnum, gamlar liðsmýndir, myndir af íþróttakonum- og körlum ársins auk sögusýningar um sögu félagsins á veggjum húsnæðisins. Allir formenn Vals hafa verið karlar. Fræðsla sem félagið býður upp á er að mestu leyti íþróttatengd og hugsuð til hvatningar fyrir iðkendur.

Samantekt um Val

Hjá Val eru karlkyns iðkendur í miklum meirihluta og 4% iðkenda eru af erlendum uppruna. Hlutfall fólks af erlendum uppruna í stjórnnum Vals er 3%. Framkvæmdastjóri félagsins er karl og formaður aðalstjórnar er einnig karl. Karlar eru í meirihluta í aðalstjórn og í stjórnnum allra deilda félagsins en þær eru þrjár talsins.

Jafnréttisstefna er á vefsíðu Vals og er hún nokkuð auðfinnanleg. Það er ekki búið að setja aðgerðaáætlun, sem þó er til, á vefsíðu félagsins og er hún því ekki aðgengileg. Jafnréttisstefnan er ekki kynnt fyrir félagsfólki og er tilefni til að breyta því.

Síðareglur eru í gildi hjá Val og má finna þær nokkuð auðveldlega á vefsíðu félagsins. Það eru hins vegar ekki til hegðunarviðmið hjá félaginu m.v. vefsíðu.

Það virðist vera jafnrétti á meðal iðkenda óháð kyni miðað við þær upplýsingar sem fengust frá félaginu og sama á við um jafnrétti á meðal starfsfólks og þjálfara.

Félagið miðlar upplýsingum um starfsemi sína á íslensku og er lag að bæta úr því til þess að geta náð til nýrra iðkenda. Þess er gætt að hafa upplýsingar, til dæmis tölvupósta til foreldra um mót og annað, á ensku auk íslensku og er það vel.

Starfsfólk fær eins og sakir standa enga hinsegin fræðslu en það ríkir mikil jákvæðni í garð þess að bæta úr því. Hjá Val eru búningsklefar sem hinsegin iðkendur sem ekki treysta sér til að fara í búningsklefa með öðrum, geta notað. Nú stendur til að sérmerkja klefa fyrir trans iðkendur m.v. upplýsingar sem fengust frá fulltrúum félagsins.

Aðgengi fyrir fatlaða er gott í húsnæði Vals og hafa fatlaðir iðkendur sem hafa aðstoðarmanneskju með sér kost á að æfa með félaginu. Auk þess geta þau sem hafa með sér aðstoðarmanneskju af öðru kyni nýtt einstaklingsbúningsklefa.

Lokaorð

Það er ljóst að félögin standa misvel að vígi hvað snertir jafnréttisstefnur og aðgerðaráætlanir með þeim. Sum félögin eru með ítarlega aðgerðaráætlun þar sem ábyrgð, tímamörk og mælingar eru vel skilgreindar.

Sum félaganna þurfa að gera átak í að kynna jafnréttisstefnu, aðgerðaráætlun og siðareglur skipulega fyrir öllum sem starfa fyrir og taka virkan þátt í starfi félaganna.

Afar mikilvægt er að öll félögin kynni sér vel bækling sem ÍBR hefur unnið um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í íþróttum og þá verkferla sem vinna á eftir komi upp slík mál eða ef grunur um það vaknar. ÍBR mun á næstunni leggja áherslu á að kynna þetta vel fyrir félögunum í Reykjavík.

Vanti félögin aðstoð við að vinna aðgerðaráætlanir eða að aðlaga skapalón að sínu innra starfi þá er mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa auk ÍBR reiðubúin til að veita aðstoð við það.

Rétt er að vekja athygli á því að í næsta samningi ÍBR, ÍTR og Reykjavíkurborgar við íþróttafélögin verður tilgreint að félögum beri að skila jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun meðfram skilum ársreikninga til Íþróttabandalags Reykjavíkur til að sýna fram á að jafnréttisstefnan og aðgerðaráætlanir sem þeim fylgja séu virkar.

Öll félögin þurfa að bæta ferla sína í tengslum við móttöku innflytjenda, bæði iðkenda og aðstandenda þeirra. Takist vel upp með það er líklegra að brottfall þeirra minnki.

Ljóst er að félögin þurfa að bæta aðgengi að upplýsingum á vefsíðum sínum, vera með t.d. almennar upplýsingar um starf félaganna, æfingatíma, kynningarfundum o.s.frv. á öðrum tungumálum en íslensku s.s. ensku og pólsku.

Félögin þurfa að gæta þess að hafa allar upplýsingar sem skipta máli á vefsíðum sínum t.d. upplýsingar um mögulegan fjárstuðning.

Úttektin var gerð í góðu samstarfi við fulltrúa íþróttafélaganna þriggja, Ármann, Fylki og Val sem litu á þetta sem tækifæri til að líta á jafnréttismál í sínu innra starfi.

Að tillögu starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra sem skipaður var í kjölfar #metoo yfirlýsinga íþróttakvenna var m.a. ákveðið að skýrir og samhæfir verkferlar og viðbragðsáætlanir skuli vera til staðar hjá félögum og samtökum í íþrótt- og æskulýsstarfi.

Í tengslum við tillögur starfshópsins og #metoo yfirlýsingu íþróttakvenna skipulagði Íþróttabandalag Reykjavíkur ráðstefnuna „Eru íþróttir leikvangur ofbeldis? – vinnum gegn því“ 30. janúar 2019 í samstarfi við Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Reykjavíkurborg og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Á ráðstefnunni var m.a. boðið upp á þrjár vinnustofur um greiningu og viðbrögð, samvinnu að öruggara umhverfi og öflugri forvarnir. Þar var fulltrúi Norska íþróttasambandsins sem kynnti bækling sem inniheldur ítarlega verkferla sem þar er unnið eftir í tengslum við kynferðislegt ofbeldi og áreitni innan íþróttafélaga. Í kjölfarið var fengið leyfi frá þeim til að Íþróttabandalag Reykjavíkur myndi þýða og staðfæra þennan bækling. Sú vinna var leidd af fulltrúa Íþróttabandalags Reykjavíkur, fulltrúa íþrótt- og tómsundasviðs Reykjavíkurborgar og

fulltrúum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Sú vinna var styrkt af Lýðheilsusjóði Embættis landlæknis og Íþróttasjóði Rannís.

Í bæklingnum eru upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni, skilgreiningar á hugtökum og umfjöllun um afleiðingar ofbeldis fyrir brotþola. Í bæklingnum má einnig finna ítarlegar leiðbeiningar og verkferla í tengslum við það ef upp kemur grunur um kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi innan íþróttafélaga. Verkferlarnir eru mismunandi t.d. er einn ætlaður starfsmanni/sjálfbóðaliða/þjálfara/stjórnarmanni/foreldri/aðstandanda sem fær upplýsingar frá brotþola sem er yngri en 18 ára og annar verkferill snýst um mál þar sem brotþoli er 18 ára eða eldri.

Í bæklingnum eru einnig leiðbeiningar til iðkenda um hvað þeir skuli gera séu þeir yngri en 18 ára og hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða þekkja einhvern sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni.

Allt efni þessa bæklingss var lesið yfir af Siðamálanefnd ÍBR, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Æskulýðsvettvanginum, Embætti Landlæknis, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, Barnavernd, Blátt áfram, Hafdísí Ingu Helgudóttur Hinriksdóttur og Þorbjörgu Jónsdóttur.

Þessi vinna er öll til mikillar fyrirmyndar en það reynir líka á að kynna þetta vel og það er aðeins gert með góðri samvinnu við félögin.

Vinna að móttökuáætlun fyrir innflytjendur er á lokametrunum hjá ÍBR og verður einnig mikill akkur af henni.

Íþróttafélögin sem fjallað var um í þessari jafnréttisúttekt verða fyrst í röðinni til að fá kynningu á bæklingnum og þeim verkferlum sem í honum eru.

Niðurstöður

Það sem bæta þarf hjá félögunum

- Gæta þess að jafnréttisstefnur og aðgerðaráætlanir séu virk plögg. Eins og fram kemur í úttektinni þá stóðu félögin misvel að vígi hvað þetta varðar. Helst vantaði upp á að skilgreindur væri gildistími svo ekki færi á milli mála hvenær jafnréttisstefnan skyldi endurskoðuð og í aðgerðaráætlunum vantaði nákvæmari tímasetningar.
- Bæta þarf aðgengi að jafnréttisstefnum og siðareglum á vefsíðum félaganna. Það væri t.d. hægt að hafa þær sýnilegar á forsíðu. Ekki aðeins auðveldar það aðgengi heldur sendir það einnig skilaboð um mikilvægi þeirra.
- Kynna jafnréttisstefnur/aðgerðaráætlanir fyrir nýju starfsfólki þegar gengið er frá ráðningarsamningi. Siðareglur eru kynntar fyrir fólki við ráðningar og er tilefni til að láta jafnréttisstefnuna einnig fylgja þannig að hún sé kynnt fyrir nýju starfsfólki og því gerð grein fyrir að vinna eigi eftir henni.
- Nýta þau tækifæri sem bjóðast til að kynna stefnuna/aðgerðaráætlun eins og t.d. að senda foreldrum/forráðamönnum hlekk á hana þegar aðrar upplýsingar eru sendar út.
- Kynna siðareglur fyrir sjálfbóðaliðum og aðstandendum iðkenda með sama hætti og þær eru kynntar fólki við ráðningar.
- Mæla eins og tilgreint er í aðgerðaráætlunum. Félögin svöruðu því öll til að iðkendur nytu jafnræðis varðandi aðstöðu, æfingatíma o.s.frv. en hins vegar var ekki vísað í úttektir/mælingar

því til stuðnings. Slíkar úttektir og mælingar á hins vegar að framkvæma samkvæmt jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun félaganna.

- Kynna jafnréttisstefnu sérstaklega fyrir starfsfólki, þjálfurum, iðkendum og sjálfbóðaliðum í stað þess að hafa hana eingöngu sýnilega á vefsíðu félagsins. Fylkir gerir þetta en ekki hin félögin í úttektinni.
- Bæta verkferla við ráðningar og gera alltaf kröfu um sakarvottorð og meðmæli frá fyrri vinnuveitendum en samkvæmt lögum nr. 64/1998 er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa hjá aðilum sem falla undir íþróttalög, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í íþróttastarfi, sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Yfirmenn þeirra sem falla undir íþróttalög og sinna íþróttastarfi eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um hvort tiltekinn einstaklingur sem sótt hefur um starf við að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til að fengnu samþykki hans. Þetta á einnig við um einstakling sem hyggst taka að sér sjálfbóðaliðastarf.
- Vera með fræðsluáætlun. Slík vinnubrögð gefa betri yfirsýn og leiða frekar til þess að þekking og meðvitund ríki innan félagsins, t.d. um jafnrétti, ferla vegna kynferðislegs ofbeldis og áreitni.
- Innleiða og kynna verkferla ÍBR um hvernig skuli tekið á kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi innan félaganna og koma í farveg sem hið raunverulega kerfi til að vinna í tengslum við þau mál.
- Bæta upplýsingagjöf félaganna, þ.e. vera með upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku. Ekki þarf endilega að þýða allar vefsíðurnar heldur gæta þess að almennar grunnupplýsingar um starfsemi félagsins, æfingatíma og æfingagjöld sé á ensku og pólsku.
- Hafa til staðar verkferla um hvernig tekið er á móti innflytjendum sem eru iðkendir og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
- Leita leiða til að vera með sérstaka búningsklefa eða salernisaðstöðu fyrir trans fólk/einstaklinga sem skilgreina sig utan við hefðbundin kynjanorm samfélagsins. Hins vegar kemur fram í svörum Vals og Fylkis að þar sé brugðist við þörfum einstaklinga eftir atvikum og það sé í skoðun hvort eigi að breyta salernum.
- Rýna umhverfið. Hvaða myndir eru á veggjum, er regnbogafáninn einhvers staðar? Valur er svo dæmi sé tekið með myndir af formönnum Vals uppi á vegg og þeir hafa allir verið karlmenn. Er hægt að vera með eitthvað fleira á veggjunum til mótvægis?
- Bæta sýnileika fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna í myndefni og kynningarefni félaganna.

Ábendingar frá félögunum:

- Félögin sem gerð var úttekt á hvöttu til þess að hin hverfisíþróttafélögin yrðu skoðuð með sama hætti.
- Fulltrúar allra félaga ræddu mikið um leiðir til að ná betur til innflytjenda og kynna starfsemi félaganna, og frístundakortið, fyrir þeim hópi. Aðgengi að grunnskólum til að kynna starfsemi félaganna kom reglulega upp í þessu samhengi. Það er mat allra félaganna að ef raunverulegur vilji er til að bæta kynningu á íþróttastarfi meðal innflytjenda þá sé best að ná til hópsins í gegnum skólana.
- Fulltrúar félaganna viðruðu einnig áhuga á að íþróttafélög yrðu sterkari/meiri þátttakendur í móttökuverkefnum á vegum þjónustumiðstöðva í hverfum Reykjavíkurborgar.

Atriði sem borgin þarf að huga að:

- Vinna upplýsingar um það hvers vegna þátttaka í íþróttum er mikilvæg m.a. með áherslu á forvarnagildi þeirra og að þátttaka í íþróttum og íþróttastarfi sem ein leið til þátttöku í samfélaginu. Efnið verði á ensku og pólsku og félögin geta nýtt það að vild.
- Skoða hvort ekki sé hægt að bæta inn í samning Reykjavíkurborgar við Samtökin 78 að Samtökin veiti íþróttafélögum í Reykjavík hinsegin fræðslu svo félögin verði betur í stakk búin til að taka á móti og mæta þörfum hinsegin iðkenda. Auk þess er mikilvægt að umhverfi íþróttafélaganna verði hinseginvænna svo hinsegin ungmenni vilji frekar stunda íþróttir en raunin hefur verið.

Atriði sem ÍBR þarf að huga að:

- Rýna þarf leiðarkerfið á vefsíðu Íþróttabandalags Reykjavíkur út frá aðgengi að upplýsingum á henni. Það þarf til dæmis að setja bæklinginn um viðbragðsáætlun varðandi kynferðislegt ofbeldi og/eða áreitni inna íþróttafélaga á forsíðuna. Það þarf að kalla hlutina sínu rétta nafni, þ.e. að þetta eru viðbragðsáætlun og verkferlar í tengslum við ofbeldi og áreitni innan íþróttafélaga, ekki siðamál.
- Hafa þarf samráð við íþróttafélög í Reykjavík um þessa verkferla og formlega innleiðingu þeirra til að gæta þess að íþróttafélög í Reykjavík, sem eru með aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur, séu upplýst um þetta og fylgi verkferlunum.

Viðauki

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

30. mars 2020

Spurningar til félaganna Vals, Ármanns og Fylkis vegna jafnréttisúttektar 2020

Iðkendur

Jafnrétti kynja

Kynjahlutföll iðkenda. Upplýsingar koma frá ÍBR

Aðstaða og úthlutanir úr afrekssjóðum

Er fjöldi æfingatíma sá sami fyrir stúlkur og drengi í sama flokki?

Eru búningasklefnir jafn stórir?

Æfa stúlku- og drengjaflokkar á jafn góðum völlum?

Æfa stúlkna- og drengjaflokkar á jafn góðum tímum?

Er jafnræði á milli kynjanna varðandi verðlaunagripi?

Er kostunar- og samstarfsaðilum kynnt stefna félagsins um að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina varðandi verðlaun?

Hvernig skiptust úthlutanir úr afrekssjóðum félagsins á milli kynja árin 2017, 2018 og 2019?

Hvernig er aðgengi að sjúkraþjálfurum eða styrktarþjálfurum greint niður á kyn?

Er samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum innan félagsins?

Eru fyrirmyndir, einstaklingar, sem félagið notar til hvatningar fyrir aðra að jöfnu kven- og karlkyns?

Auglýsingar og styrktarkvöld

Eru leikir kvenna- og karlaliða auglýstir jafnmikið?

Eru haldin styrktarkvöld jafnt fyrir kvenna- og karlalið?

Hvernig er ágóðanum af styrktarkvöldum skipt á milli liða (kvenna- og karlaliða)?

Starfsfólk – laun, hlunnindi og símenntun

Fær starfsfólk félagsins sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf?

Fá þjálfarar sömu laun óháð kyni?

Fá þjálfarar jöfn laun óháð því hvort þeir þjálfka kvenna- eða karlalið?

Fá þjálfarar sömu hlunnindi óháð kyni?

Njóta þjálfarar jafnra tækifæra til endurmenntunar óháð kyni þeirra og því hvort þau þjálfka konur eða karla?

Er kallað eftir sakavottorði og meðmælum frá fyrri vinnuveitendum þegar þjálfarar/starfsfólk er ráðið til félaganna?

Jafnréttisstefna

Er til samþykkt jafnréttisstefna?

Er jafnréttisstefnan virk? Ef já vinsamlegast látið fylgja með skjal sem sýnir það.

Er jafnréttisstefnan kynnt fyrir iðkendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og aðstandendum iðkenda?

Er aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð skilgreind í jafnréttisstefnunni?

Hefur jafnréttisstefnunni verið skilað inn til ÍBR meðfram skilum ársreikninga?

Siðareglur

Eru til siðareglur hjá félaginu?

Eru þær virkar?

Eru siðareglur kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og aðstandendum þegar um börn og unglinga er að ræða?

Innflytjendur

Hvernig er staðið að kynningu á starfsemi félagsins í hverfinu og annars staðar?

Er þess gætt að ná til sem flestra með því að nota fleiri tungumál en íslensku og hafa textann einfaldan?

Á hvaða tungumáli eru upplýsingar um æfingatíma, keppnir, mót o.s.frv.?

Hvernig er myndmálið í kynningarefni, er passað upp á fjölbreytileika?

Er hugsað um að dreifa (hvort sem um er að ræða rafrænt eða með öðrum hætti) kynningarefni á stöðum þar sem líklegt er að það nái til innflytjenda?

Er tekið sérstaklega á mótí börnum og foreldrum/forsjáraðilum/forráðamönnum af erlendum uppruna/sem ekki tala íslensku?

Er skilningur á því innan félagsins að það geti haft hlutverk í því að gera innflytjendur virka í samfélaginu (inclusive integration) og er eitthvað sérstakt gert í því?

Er forvarnargildi íþróttá og annarra tómsunda kynnt fyrir innflytjendum?

Hvert er hlutfall innflytjenda á meðal starfsfólks, þjálfara, sjálfboðaliða og í foreldrafélögum?

Hinsegin iðkendur

Hvernig er aðgengi að salernum/búningsklefum fyrir trans fólk?

Fær starfsfólk hinsegin fræðslu til að geta betur sinnt hinsegin iðkendum?

Er eitthvað í umhverfinu hinseginvænt er t.d regnbogafáni eða límmiði sýnilegur?

Er tenging milli félagsins og Tjarnarinnar - félagsmiðstöðvar hinsegin ungmenna eða félagsins og Samtakanna 78?

Hafa hinsegin iðkendur möguleika á stuðningi innan félagsins?

Fatlaðir iðkendur

Hvernig er aðgengi að íþróttastöðu, búningsklefa og salernisastöðu?

Hvernig er því háttað þegar iðkandi er með aðstoðarmanneskju með sér?

Hafa fatlaðir iðkendur tækifæri á að æfa með félaginu ef t.d er þörf er á stuðningi vegna fötlunar, líkamlegrar eða andlegrar?

Eru fatlaðir iðkendur sýnilegir í kynningarefni?

Efnahagur og samvinna

Er eitthvað gert til að auðvelda efnaminni börnum og unglingum að æfa, annað en frístundakortið?

Er samvinna við þjónustumiðstöð og/eða skóla í hverfinu um stuðning vegna efnaminni iðkenda?

Eru leiðir til að sækja um styrki aðgengilegar og sýnilegar? Vita innflytjendur örugglega af þeim leiðum?

Ýmislegt

Fræðsla

Er til fræðsluáætlun hjá félaginu?

Umhverfi

Hvaða myndir hanga á veggjum m.t.t. kyns, uppruna/fjölbreytileika, fötlunar o.s.frv.